

Aðalfundur Einingar-Iðju

24. apríl 2023 kl. 19:30

í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri



Dagskrá

1. Fundarsetning.
2. Látinna félaga minnst.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Reikningar félagsins.
5. Lýst kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna.
6. Kosning, löggiltur endurskoðandi.
7. Afhending gullmerkis félagsins.
8. Tillaga, breytingar á reglugerð Sjúkrasjóðs.
9. Kosning, tveir fulltrúar í kjörstjórn og tveir til vara.
10. Kosning, fastanefndir félagsins og stjórnir.
11. Kosning, 41 fulltrúi í fulltrúaráð Stapa lífeyrissjóðs.
12. Ákvörðun um stjórnarlaun aðalstjórnar.
13. Önnur mál.

Ársskýrsla Einingar-Iðju 2022–2023 og reikningar félagsins

Ábyrgðarmaður: Björn Snæbjörnsson

Umsjón, umbrot og hönnun: Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Skýrslan er einungis gefin úr á rafrænu formi.

Skýrsla félagsins er að miklu leyti unnin upp úr fundargerðum aðalstjórnar og heimildum frá stjórnnum sjóða félagsins.

Einnig er notast við frásagnir og umfjöllun um félagið í félagsblaðinu, á heimasíðu og samfélagsmiðlum Einingar-Iðju. Útgefið með fyrirvara um innsláttarvillur

Eining-Iðja - Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Einingar-Iðju 2022-2023.....	3
Samstæðureikningur 2022	16
Áritun óháðs endurskoðanda	16
Áritun skoðunarmanna	17
Skýrsla stjórnar	18
Yfirlit um rekstrarafkomu 2022	19
Yfirlit um efnahag 31. desember 2022.....	20
Félagssjóður - Rekstrarreikningur ársins 2022	21
Félagssjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2022	22
Sjúkrasjóður - Rekstrarreikningur ársins 2022.....	23
Sjúkrasjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2022	23
Orlofssjóður - Rekstrarreikningur ársins 2022.....	24
Orlofssjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2022	25
Vinnudeilusjóður - Rekstrarreikningur ársins 2022	26
Vinnudeilusjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2022	26
Fræðslusjóður - Rekstrarreikningur ársins 2022.....	27
Fræðslusjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2022	27
Byggingarsjóður - Rekstrarreikningur ársins 2022.....	28
Byggingarsjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2022.....	28
Skrifstofa Einingar-Iðju - Rekstrarreikningur ársins 2022.....	29
Samandreginn rekstrarreikningur - Rekstrarreikningur ársins 2022	30
Samandreginn efnahagsreikningur - Efnahagsreikningur 31. desember 2022	31
Sjóðstreymi ársins 2022	32
Skýringar.....	33
Gögn fyrir aðalfund 2023.....	38
Dagskrárliður 5 - Stjórn og trúnaðarráð Einingar-Iðju starfsárið 2023-2024	38
Dagskrárliður 6 – Löggiltur endurskoðandi	39
Dagskrárliður 8 – Regluferð Sjúkrasjóðs	39
Dagskrárliður 9 - Kjörstjórn	39
Dagskrárliður 10 – Stjórnir sjóða og nefnda	40
Dagskrárliður 11 – Fulltrúar í fulltrúaráð Stapa lífeyrissjóðs	40
Dagskrárliður 12 - Stjórnarlaun.....	40



Aðalskrifstofa félagsins er á Akureyri en að auki rekur félagið skrifstofur á Dalvík og í Fjallabyggð. 15 starfsmenn eru með aðsetur á Akureyri, einn á Dalvík og einn í Fjallabyggð.

Félagið hefur einnig fulltrúa til þjónustu við félagsmenn í Hrísey og á Grenivík.

Starfsmenn félagsins

Aðalbjörg G. Hauksdóttir, þjónustufulltrúi sjóða.
Anna Júlíusdóttir, varaformaður.
Arnór Sigmarsson, lögfræðingur og þjónustufulltrúi.
Ásgrímur Örn Hallgrímsson, upplýsingafulltrúi.
Björn Snæbjörnsson, formaður.
Elsa Sigmundsdóttir, skrifstofustjóri.
Halldóra Þormóðsdóttir, þjónustufulltrúi í Fjallabyggð (Afleysing)
Helga Níelsdóttir, þjónustufulltrúi á Dalvík.
Helga Þyri Bragadóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá VIRK.
Íris Björk Árnadóttir, ræstítæknir.
Katla Hildardóttir, ráðgjafi hjá VIRK.
Kristín Guðmundsdóttir, ráðgjafi hjá VIRK.
Margrét Jónsdóttir, þjónustufulltrúi í Fjallabyggð. (í leyfi)
Nicole Kristjánsson, ráðgjafi hjá VIRK.
Ríkarð Svavar Axelsson, verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits.
Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, skráningar- og innheimtustjóri.
Rut Pétursdóttir, þjónustufulltrúi.
Vilhelm Adolfsson, afgreiðslufulltrúi á Akureyri
Þórey Sigurjónsdóttir, þjónustufulltrúi í Fjallabyggð. (frá 15. júní nk.)



Fjórir ráðgjafar eru starfandi fyrir sjúkrasjóði stéttarfélaganna í Eyjafirði; Helga Þyri sem jafnframt er verkefnastjóri á svæðinu, Katla, Kristín og Nicole.

Ráðgjafar VIRK eru starfsmenn Einingar-löju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu, og hafa aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri.

Kristín er með fasta viðveru á skrifstofunni í Fjallabyggð einu sinni í viku og Nicole sömuleiðis á skrifstofunni á Dalvík.

Hægt er að ná í ráðgjafana í síma 460 3600.

Ágúst Sigurður Óskarsson starfar sem Atvinnulífstengill hjá VIRK. Hann er starfmaður Framsýnar, en starfar fyrir öll stéttarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu. Hann er með aðsetur á skrifstofu FVSA á 3. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri í einn til tvo daga í viku. Hann er með síma 464 6608 og netfangið virik@framsyn.is

Sjá nánar [hér](#)

Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits

Ríkarð Svavar Axelsson er verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra. Hann er starfsmaður félagsins og með aðsetur á skrifstofunni á Akureyri, en starfar fyrir 11 félög á svæðinu. Markmið vinnustaðaskírteina og eftirlits á vinnustöðum er að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Samráðsnefnd ASÍ og SA hefur veitt sérstökum eftirlitsfulltrúum heimild til að annast eftirlit og hafa þeir rétt skv. lögum nr. 42/2010 til aðgangs að vinnustöðum og heimild til að krefja atvinnurekanda og launamenn hans um að sýna vinnustaðaskírteini.

Sjá nánar [hér](#)

Mínar síður

Á starfsárinu var opnað fyrir [Mínar síður](#) á heimasíðu félagsins. Þar geta félagsmenn skráð sig inn og séð ýmsar upplýsingar um sig sem félagið hefur, séð punktastöðu, skoðað og sótt um orlofshús og séð greiðslur frá félaginu. Einnig getur félagsmaður nú skoðað og sótt rafrænt um styrki sem í boði eru í sjúkrasjóði og í fræðslusjóði. Við hvetjum félagsmenn til að skrá sig inn til að prófa síðuna. Ef þið lendið í vandræðum með innskráninguna þá er starfsfólk félagsins boðið og búið að aðstoða ykkur. Félagsmenn, skoðið vel og lagið ef þarf bankaupplýsingar, símanúmer og netföng.

Rafræn félagsskirteini komin í notkun



Nú er hægt að nálgast rafræn félagsskirteini á Mínunum síðum Einingar-löju. Það getur verið hentugt að hafa skirteinið í símanum ef félagsmenn vilja nýta sér þá afslætti sem í boði eru og fram koma á Mínunum síðum.

Félagsmenn njóta veglegra tilboða og sérkjara hjá fyrirtækjum og samstarfsaðilum víða um land.

Tölva í afgreiðslunni á Akureyri

Vakin er athygli á því að félagsmenn hafa nú aðgang að tölva í afgreiðslunni á Akureyri þar sem þeir geta sent inn rafrænar umsóknir eða sótt um orlofskosti.


Starfsmenn félagsins á Dalvík og í Fjallabyggð eru einnig tilbúnar til að aðstoða þá sem til þeirra koma að senda inn rafrænar umsóknir og panta eða sækja um orlofskosti.



Félagsmenn athugið!

Einingar-löja þarf að hafa réttar bankaupplýsingar til að geta borgað út styrki úr sjóðum félagsins og símanúmer og netfang félagsmanna til að hafa samband ef þörf krefur.

Því er mikilvægt að skoða og bæta við eða laga ef þarf þessar upplýsingar á Mínunum síðum félagsins. Smelltu á örina efst á síðunni, hægra megin við nafnið þitt. Þá birtist flipi og þar smellir þú á UPPLÝSINGAR.



Greiðslur til félagsmanna			
	2022	2021	2020
Sjúkrasjóður	221.502.795	210.373.980	169.417.182
Orlofssjóður	90.444.188	87.213.563	86.523.915
Fræðslusjóður	66.354.429	60.524.038	60.447.045
Alls	378.301.412	358.111.581	316.388.142

Svæðisfulltrúar

Trúnaðarráð félagsins tekur ákvörðun um myndun eða fækkun/fjölgun Svæðisfulltrúa og staðsetningu þeirra. Á félagssvæðinu starfa nú þrjú svæðisfulltrúar og þrjú varamenn þeirra og eiga skv. [reglugerð](#) að vera staðsettir utan Akureyrar.

Svæðisfulltrúa og varamann skal kjósa til tveggja ára á almennum félagsfundum á viðkomandi svæði.

Svæðisfulltrúar sitja í aðalstjórn fyrir hönd síns svæðis en varamenn eru sjálfkjörnir í trúnaðarráð.

Aðalfundur svæðisráða fóru fram í lok janúar og voru þeir allir túlkaðir yfir á pólsku. Fram fór kosning svæðisfulltrúa og varamanns til tveggja ára, kynnt var nýleg Gallupkönnun félagsins og farið var yfir stöðu kjaramála.

Róbert og Elín voru á ný kjörin svæðisfulltrúar en ljóst var að Guðrún J. Þorbjarnardóttir gæfi ekki kost á sér áfram. Hún hafði setið sem svæðisfulltrúi í Hrísey frá 2010 og sem svæðisfulltrúi Hríseyjar og Dalvíkurbyggðar frá 2017 og þakkaði Björn formaður henni fyrir góð störf í þágu félagsins. Fyrrum varasvæðisfulltrúi svæðisins, Sigríður Þ. Jósepsdóttir, var kjörin nýr svæðisfulltrúi. Nýr varasvæðisfulltrúi var kjörin, Joanna Krystyna Przychodzen.

Guðlaug var kjörin á ný varasvæðisfulltrúi en ljóst var að kjósa þyrfti nýjan varasvæðisfulltrúa í Fjallabyggð því Þorvaldur Hreinsson var búinn að ákveða að hann gæfi ekki kost á sér aftur og þakkaði Björn formaður honum fyrir góð störf í þágu félagsins. Anton Konráðsson var kosinn í hans stað.

Svæðis- og varasvæðisfulltrúar félagsins eru:

Hrísey og Dalvíkurbyggð

Svæðisfulltrúi: Sigríður Jósepsdóttir

Varasvæðisfulltrúi: Joanna Krystyna Przychodzen

Grýtubakkahreppur

Svæðisfulltrúi: Róbert Þorsteinsson

Varasvæðisfulltrúi: Guðlaug S. Tryggvadóttir

Fjallabyggð

Svæðisfulltrúi: Elín Kjartansdóttir

Varasvæðisfulltrúi: Anton Konráðsson

Stjórn Einingar-löju 2022-2023

Eins og áður hefur komið fram sitja þrjú svæðisfulltrúar í stjórninni, þau Elín, Róbert og Sigríður. Auk þeirra sitja nú í stjórninni Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður og Gunnar Magnússon ritari stjórnar. Þrjú formenn deilda og þrjú varaformenn sitja einnig í stjórninni; Ingvar Kristjánsson og Svavar Magnússon frá lðnaðar- og tækjadeild, Guðbjörg Helga Andrésdóttir og Ingibjörg María Ingvadóttir frá Opinberu deild og Tryggvi Jóhannsson og Bethsaida Rún Arnarson frá Matvæla- og þjónustudeild. Meðstjórnandinn Sunna Líf Jóhannsdóttir, sem kjörin var í stjórn í fyrra, flutti af svæðinu sl. haust.

Sjálfkjörið í stjórn 2023-2024

Miðvikudaginn 22. febrúar sl. rann út frestur til að skila inn lista eða tillögum um fólk í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2023-2024. Ekki bárust tillögur eða listar aðrir en frá trúnaðarráði og teljast þeir félagsmenn sem ráðið gerði tillögu um sjálfkjörin.

Björn Snæbjörnsson var búinn að gefa það út að hann myndi láta af formennsku á aðalfundi félagsins 2023. Hann hefur gegnt embætti formanns Einingar-löju frá árinu 1999 og Verkalýðsfélagsins Einingar þar á undan frá árinu 1992, eða samtals í 31 ár. Hann sat sem meðstjórnandi í stjórn Einingar árin 1982 til 1986 og sem varaformaður frá árinu 1986. Árin í stjórn félagsins eru því orðin 41 nú þegar hann stígur til hliðar og óhætt að segja að það séu stór tímamót nú þegar nýr formaður tekur við.

Nýr formaður til næstu tveggja ára verður Anna Júlíusdóttir sem gegnt hefur embætti varaformanns frá árinu 2012. Áður hafði hún setið í stjórn sem formaður Matvæladeildar og síðar formaður Matvæla- og þjónustudeildar frá árinu 2001. Gunnar Magnússon verður áfram ritari félagsins og nýr meðstjórnandi til eins árs verður Pálmi Þorgeir Jóhannsson. Skoðunarmenn reikninga til eins árs verða Hrafnhildur Ása Einarsdóttir og Ævar Þór Bjarnason. Varaskoðunarmaður verður Ómar Ólafsson.

Fundir í aðalstjórn

11 fundir voru haldnir í stjórn félagsins á starfsárinu þar sem fjölmörg mál voru tekin fyrir. Hér á eftir má sjá smá yfirlit yfir það helsta sem tekið var fyrir á fundunum. Vert er að benda á að stjórnarmenn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins og því veit stjórnin ávallt hvernig staðan er miðað við fjárhagsáætlun ársins.



Á fyrsta fundi stjórnar, sem haldinn var 27. apríl á Grenivík, kom sveitarstjóri Grýtubakkahrepps og fór yfir stöðuna í sveitarfélaginu. Vararitarakosning fór fram, fjallað var um hvernig aðalfundur félagsins hefði tekist. Lögð var fram skýrsla um endurskoðun Enor á reikningum Einingar-löju fyrir árið 2021. Rædd var staðan sem er innan hreyfingarinnar og þann skaða sem þessi órói gerir fyrir hreyfinguna í heild. Lagt var fram yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur félagsmanna eftir deildum á árinu 2021 og samanburður við árið 2020. Einnig var lagt fram yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur til félagsins eftir sveitarfélögum og fjölda fyrirtækja og félagsmanna á stöðunum á árinu 2021 og samanburður við árið 2020. Samþykkt var fjárveiting til ferðanefndar félagsins fyrir árið 2023. Farið var yfir sumarafleysingar og starfsmannamál. Rætt var um flugfélagið Niceair. Tekið var fyrir erindi frá Félagsmálaráðuneytinu. Rætt var um komandi fulltrúaráðsfund Stapa. Farið yfir stöðuna á umsóknum fyrir orlofskosti sumarsins. Sagt var frá aðalfundi húsfélags Alþýðuhússins. Farið var yfir niðurstöður könnunar sem Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins framkvæmdi í annað sinn meðal launafólks innan aðildarféлага ASÍ og BSRB.

Á fundi 30. maí sem fór á Akureyri var m.a. farið yfir stöðu kjaramála og sagt frá fundi um drög að kröfugerð SGS við SA. Sagt frá aðalfundum Orlofsbyggðanna á Einarsstöðum, á Illugastöðum og í Svignaskarði. Tekið var fyrir og afgreitt erindi um styrk til gerðar minnisvarða um síldarstúlkurnar á Sigló. Einnig var tekið fyrir erindi vegna kaupa á stólum á göngudeild lyflækninga SAK, erindinu var frestað og óskað eftir nánari upplýsingum.

Á fundi 28. júní sem fram fór bæði á Akureyri og í gegnum Teams var m.a. farið yfir stöðu kjaramála og sagt frá að SGS hefði afhent SA kröfugerð. Sagt var frá aðalfundi Orlofsbyggðarinnar í Flókalundi. Aftur var tekið fyrir og samþykkt erindi vegna kaupa á stólum á göngudeild lyflækninga SAK. Rætt um framkvæmd við hús félagsins nr. 18 á Illugastöðum og kostnað. Rætt um frestaðan fræðsludag félagsins, samþykkt að halda fræðsludag fyrir starfsmenn félagsins og annan fyrir aðalstjórn. Samþykkt var að senda tvo fulltrúa á þing ASÍ-UNG. Þá var samþykkt að semja við Niceair um niðurgreiðslu til félagsmanna.

Á fundi 31. ágúst sem haldinn var í Fjallabyggð var farið yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Lögð var fram drög af dagskrá þings ASÍ og dagskrá þings SN. Samþykkt var að fara í framkvæmdir á skrifstofu félagsins á Dalvík. Einnig var samþykkt að fara í breytingar á eign félagsins í norðurhluta á 2. hæð Alþýðuhússins á Akureyri. Dagskrá næsta trúnaðarráðsfundar var kynnt. Lagður var fram til kynningar samningur við Niceair sem var í samræmi við samþykkt síðasta stjórnarfundar. Á fundinum tilkynnti Björn formlega að hann myndi ekki gefa kost á sér áfram sem formaður þegar kjörtímabilið rennur út á aðalfundi 2023. Rætt var aftur um framkvæmd við hús nr. 18 á Illugastöðum og um hitaveitu á Einarsstöðum.

Á fundi 3. október sem fram fór bæði á Akureyri og í gegnum Teams var farið yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Lagt var fram bréf frá ASÍ þar sem fjallað var um fyrirkomulag málefnavinnu 45. þings sambandsins. Rætt var um fyrirhugaðan starfsdag félagsins og farið yfir hvernig til tókst á 37. þingi AN. Rætt var um framkvæmd við hús nr. 18 á Illugastöðum. Ágúst Hafsteinsson arkitekt mætti á fundinn og lagði fram greinargerð um verkið. Lagt var fram bréf frá stjórn Orlofsbyggðarinnar Illugastaða þar sem segir að stjórnin hefði ákveðið að fara í framkvæmdir á íbúð húsvarðar á Illugastöðum. Sagt var frá því að hafinn væri undirbúningur að Gallup könnun félagsins. Farið var yfir stöðu innheimtumála hjá félaginu. Lagðar voru fram fundargerðir Matvæla- og þjónustueildar og Opinberu deildarinnar og fóru formaður Matvæla- og þjónustudeildar og starfsmaður Opinberu deildarinnar yfir helstu mál sem þar voru rædd. Tekin var fyrir og samþykkt styrkbeiðni frá Iðnaðarsafninu. Rætt var um málefni Stapa.

Á fundi 1. nóvember sem fram fór í húsi félagsins nr. 18 á Illugastöðum var byrjað á því að skoða húsið en flestir stjórnarmenn voru að sjá það í fyrsta sinn eftir að framkvæmdum við það lauk.



Farið var yfir stöðuna í samningamálum félagsins og 45. þing ASÍ. Samþykkt var erindi frá fjórum samtökum sem eru í samstarfi að veita jólaaðstoð. Stjórnin samþykkti að veita styrk að upphæð kr. 1.100.000. Lagðar voru fram niðurstöður kannana sem gerðar voru á meðal félagsmanna sem leigðu orlofshús eða íbúðir hjá félaginu um sumarið. Lögð var fram skýrsla frá eftirlitsfulltrúa vinnustaðaeftirlits þar sem farið var yfir eftirlitið og tekin saman tölfraeðileg gögn um heimsóknir frá því starfið hófst.

Á fundi 28. nóvember sem fram fór á Akureyri var m.a. lögð fram og samþykkt tillaga að uppstillinganefnd félagsins fyrir starfsárið 2023-2024. Farið var yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Lagt var fram og samþykkt plan um fundi í svæðisráðum, aðalfundi deilda og aðalfund félagsins. Fjallað var um leiguverð orlofshúsa og niðurgreiðslur og ákvörðun tekin um leiguverð sumarsins. Lögð var fram fundargerð lðnaðar- og tækjadeildar og fór formaður deildarinnar yfir helstu mál sem þar voru rædd. Sagt var frá fyrirhuguðum rafrænum fulltrúaráðsfundi Stapa lífeyrissjóði.

Á rafrænum fundi 19. desember kynnti Tómas Bjarnason, ráðgjafi hjá Gallup, niðurstöður kjarakönnunar sem gerð var fyrir félagið. Farið var yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Kynntar voru fyrirhugaðar breytingar styrkja úr sjúkrasjóði. Sagt var frá því að 10. febrúar 2023 verði liðin 60 ár frá því að Verkalýðsfélagið Eining varð til með sameiningu Verkakvennafélagsins Einingar og Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar og var aðeins rætt um daginn. Rætt var um málefni tengdu vinnustaðaeftirlitinu.

Tekin var fyrir og hafnað beiðni um styrk frá Fisktækni-skólanum.

Á rafrænum fundi 30. janúar var m.a. lagt fram óendurskoðað yfirlit um stöðu reikninga félagsins fyrir árið 2022. Einnig var lögð fram og samþykkt rekstrar-áætlun fyrir árið 2023. Umræður fóru fram um félaga-kerfið sem notað er. Sagt var frá ráðningu nýs VIRK fulltrúa og frá ráðningu nýs verkefnastjóra vinnustaðaeftirlits. Lagðar voru fram fundargerðir Matvæla- og þjónustudeildar, Opinberu deildarinnar og lðnaðar- og tækjadeildar og fóru formenn eða varaformenn deildanna yfir helstu mál sem þar voru rædd. Skipað var í uppstillinganefnd ráða og nefnda fyrir aðalfund, þar á meðal á aðalfund Stapa. Einnig var skipað í nefnd til að fara yfir reglugerð sjúkrasjóðsins. Farið var yfir aðalfundi svæðisráða. Farið yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Samþykkt var að fara í framkvæmdir á fjórum húsum félagsins á Illugastöðum. Rætt var aftur um sameiningar-afmælið 10. febrúar nk. Sagt var frá fyrirhuguðu framhaldsþingi ASÍ. Sagt var frá dagskrá næsta trúnaðar-ráðsfundar og samþykkt var að bjóða áfram eldri félagsmönnum í leikhús. Sigríður Jósepsdóttir var að sitja sinn fyrsta fund í stjórn eftir að hún var kjörin Svæðis-fulltrúi Hríseyjar- og Dalvíkurbyggðar.

Á fundi 27. febrúar sem fram fór á Akureyri var m.a. farið yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Lögð var fram fundargerð lðnaðar- og tækjadeildar og fór formaður deildarinnar yfir helstu mál sem þar voru rædd. Farið var yfir hvernig til tókst á aðalfundum deilda. Rætt var um starfsmannamál, málefni stjórnar og Stapa lífeyrissjóðs. Sagt var frá útvíkkuðum formannafundi SGS og einnig frá formannafundi ASÍ. Rætt var um starfsdag félagsins sem verður í maí. Fjallað var um greiðslur úr Félagsmannasjóði. Tekin var fyrir og samþykkt beiðni um styrk frá Hollvina-samtökum SAK. Lagt var fram boð á framhaldsþing ASÍ sem verður í lok apríl.

Á lokafund stjórnar þetta starfsárið, þann 3. apríl sl., sem fram fór á Akureyri mætti Hermann Brynjarsson frá endurskoðunarfyrtækinu ENOR og kynnti reikninga félagsins fyrir síðasta ár. Stjórnin samþykkti reikningana og skrifaði undir þá. Sagt var frá ráðningu nýs þjónustu-fulltrúa á skrifstofu félagsins í Fjallabyggð og rætt um starfsmannamál. Kynnt var niðurstæða nefndar um endurskoðun á reglugerð sjúkrasjóðs fyrir aðalfund félagsins og farið var yfir dagskrá og gögn sem stjórnin mun leggja fram á aðalfundi félagsins þann 24. apríl. Farið var yfir stöðuna í samningamálum félagsins og sagt var frá Fræðslu og tengsladag ASÍ-UNG sem nýverið fór fram.

Starfsgreinadeildir félagsins

Félagið skiptist í þrjár starfsgreinadeildir. Hugmyndin með starfsgreinaskiptingu er að nýta kosti bæði stórra og smærri félaga. Deildirnar þrjár eru Matvæla- og þjónustudeild, Iðnaðar- og tækjadeild og Opinbera deildin. Formenn og varaformenn deilda sitja í aðalstjórn.

Aðalfundur deilda

Loks var hægt að hafa aðalfundi á ný í raunheimi eftir að hafa verið rafrænir síðustu tvö ár og fóru þeir fram á Hótel KEA 8. febrúar sl. Góð mæting var á fundina sem tókust mjög vel. Í upphafi var sameiginleg dagskrá þar sem Sigríður Ólafsdóttir, Mannauðsstjóri hjá Mögnum, var með fyrirlestur um samskipti á vinnustað.

Að loknu mjög góðu erindi Sigríðar var boðið upp á veitingar og er fundarmenn höfðu gert sér þær að góðu héldu deildirnar þrjár sinn aðalfund hver í sínum sal þar sem fram fóru venjuleg aðalfundarstörf. Í byrjun fundanna fluttu formenn skýrslur stjórna og að því loknu var gengið til kosninga. Í ár var kosið í öllum deildum til tveggja ára um embætti formanns, ritara og þriggja meðstjórnanda. Einnig var kosið um tvo meðstjórnendur til eins árs í Opinberu deildinni. Engin mótframboð bárust og því voru allir sjálfkjörnir. Skýrslur stjórna má finna á heimasíðu félagsins, www.ein.is.

Matvæla- og þjónustudeild

Gabriel Sólon Sonjuson meðstjórnandi færði sig um félag á tímabilinu og hætti því í stjórn, aðrir sem áttu að ganga úr stjórn voru Tryggvi Jóhannsson, Sigríður Jósepsdóttir, Anna Guðrún Ásgeirsdóttir og Steinþór Berg Lúthersson. Tryggvi gaf áfram kost á sér sem formaður. Sigríður gaf áfram kost á sér sem ritari. Hvað meðstjórnendur varðar þá gaf Anna Guðrún ekki kost á sér áfram og Gabriel hættur í félaginu. Steinþór Berg gaf kost á sér áfram sem meðstjórnandi. Sem nýir meðstjórnendur gáfu kost á sér Baldvin Hreinn Eiðson sem starfar í Kjarnafæði og Júlía Björk Kristmundsdóttir sem starfar í MS Akureyri. Fyrir í stjórn var Bethsaida Rún Arnarson varaformaður og meðstjórnendurnir Börkur Þór Björgvinsson, Elsa Hrönn Grey Auðunsdóttir og Sveinbjörn Kroyer Guðmundsson.

Iðnaðar- og tækjadeild

Úr stjórn áttu að ganga Ingvar Kristjánsson formaður, Gunnar Magnússon ritari og meðstjórnendurnir Agnar Ingi Svansson, Arnar Kristjánsson og Stefán Gíslason. Ingvar gaf aftur kost á sér sem formaður, Gunnar bauð sig aftur fram sem ritari og sem meðstjórnendur buðu sig aftur fram þeir Agnar og Stefán. Arnar bauð sig ekki fram á ný og bauð Ingólfur Ásmundsson sig fram sem nýr meðstjórnandi.

Fyrir í stjórn voru Svavar Magnússon varaformaður og meðstjórnendurnir Gísli Einarsson, Þormóður Sigurðsson og Þór Jóhannesson.

Opinbera deildin

Úr stjórn áttu að ganga Guðbjörg Helga Andrésdóttir formaður, Guðrún Valdís Eyvindsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Andreea Georgiana Lucaci, Ólöf María Olgeirsdóttir og Valdimar Friðjón Jónsson.

Andreea hafði ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram. Guðbjörg Helga gaf áfram kost á sér í embætti formanns, Guðrún Valdís í embætti ritara og Ólöf María og Valdimar Friðjón sem meðstjórnendur. Auður Eiríksdóttir gaf kost á sér sem nýr meðstjórnandi. Helgi Garðar Skjaldarson og Sylvía Ösp Hauksdóttir sem kosin voru til tveggja ára á síðasta fundi eru hætt á svæði félagsins og því þurfti að kjósa tvo meðstjórnendur til eins árs, Skúli Már Þórmondsson og Elísabet Inga Ásgrímsdóttir buðu sig fram. Fyrir í stjórn voru Ingibjörg María Ingvadóttir varaformaður og meðstjórnandinn Signý Aðalsteinsdóttir.



Þrír formenn sem voru kjörnir á ný á aðalfundum deildanna í ár. F.v.: Ingvar, Guðbjörg og Tryggvi.



Orlofsmál

Félagsmenn þurfa að fara á [Orlofsvef Einingar-löju](#) til að sækja um fyrir sumarvertíðina eða til að panta orlofs-eignir yfir veturinn. Þar inni er jafnframt gengið frá greiðslu. Á orlofsvefnum er einnig hægt að kaupa ferða-ávísun, Veiðikortið og Útilegukortið.

Ferðaávísunin tryggir bestu kjörin á gistingu á hótélum og gistiheimilum um allt land. Ávísunina má einnig nota upp í gönguferðir hjá Ferðafélagi Íslands, Útivist og Fjallafjör. Félagsmenn njóta sérkjara á völdum ferðum en einnig má nota hana upp í hvaða ferð sem er á vegum þessara fyrirtækja.

Einnig er hægt að kaupa á orlofsvefnum **Útilegukortið** á kr. 17.900 og **Veiðikortið** á kr. 4.100, þá sendist pöntun til viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna. Athugið að gott er að panta kortin með góðum fyrirvara. Það getur tekið allt að viku, jafnvel rúmlega það, að fá þau með póstinum.

Félagsmenn gátu á orlofsvefnum keypt tvö gjafabréf á ári frá **Niceair** en þar sem Niceair þurfti að aflýsa öllu flugi frá og með 6. apríl sl. og gera hlé á sinni starfsemi um óákveðinn tíma var lokað á sölu slíkra gjafabréfa.

Ferðir

Árið 2022 var boðið upp á þrjár ferðir fyrir félagsmenn, en vegna Covid var utanlandsferðinni aflýst. 23. júní var farið í árlega dagsferð eldri félagsmann. Farið var út í Hrísey þar sem ekið var um eyjuna og hún skoðuð. M.a. var farið í Hús Hákarla Jörundar, hádegisverður var snæddur í íþróttahúsinu undir ljúfum tónum ungs harmonikkuspilara. Að því loknu var siglt í land á ný og ekið um Svarfaðardal og farið í kaffihlaðborð í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík.



27. ágúst var farið í dagsferð út á Flateyjardal í tveimur rútum. Ferðalangar þurftu sjálfir að nestu sig fyrir daginn,

fyrir utan að boðið var upp á grillmat. Tveir leiðsögumenn voru með í för og tókst ferðin mjög vel, þrátt fyrir að önnur rútan hafi náð að festa sig tvisvar í ferðinni.

Leikhúsfélag fyrir lífeyrisþega

Í mars bauð félagið félagsmönnum sem eru lífeyrisþegar á leikritið Fólkið í blokkinni eftir Ólaf Hauk Símonarson sem verið er að sýna í Freyvangsleikhúsinu. Boðið var upp á kaffiveitingar í hléi. Rúmlega 100 félagsmenn og makar þáðu boðið og skelltu sér í kaffi og með því og á skemmtilega leiksýningu.

„Orlof að eigin vali“

300 styrkjum var úthlutað til félagsmanna á árinu 2022, hver að upphæð kr. 26.000. Sótt er um þennan styrk á sama hátt og tíma og þegar sótt er um orlofshús.



Félagið á 21 orlofshús og sex orlofsíbúðir. Eitt orlofshús mun bæstast við í vor þegar tekið verður í notkun hús sem nú er í byggingu í Húsafelli í Borgarfirði.

Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-löja með yfir sumarið orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús fyrir sumartímabilið.

Fyrirtækið Sólar ehf. hefur umsjón á íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leigjandi þarf ekki að þrifa íbúðina eftir leigutíma, en auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri. Vert er að minnast á að um helmingur af leigutækjum félagsins af íbúðunum fer í greiðslur fyrir umsjón og þrif á þeim.

Félagsmenn þurfa sjálfir að þrifa orlofshús félagsins áður en þeim er skilað. Orlofshúsin eru sameign okkar allra og er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari. Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim. Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Sjúkrasjóður

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði	2022			2021		
	Fjöldi félaga	styrkja	Upphæð	Fjöldi félaga	styrkja	Upphæð
Dagpeningar	215	556	176.709.061	217	582	167.087.905
Útfararstyrkir.....	14	14	3.430.000	25	25	5.200.000
<i>Bætur samtals</i>	<i>229</i>	<i>570</i>	<i>180.139.061</i>	<i>242</i>	<i>607</i>	<i>172.287.905</i>
Styrkir til félagsmanna						
Sjúkraþjálfun og sjúkranudd	512	*789	12.617.465	527	*4.247	13.336.632
Krabbameinsskoðun	122	126	783.301	157	170	995.223
Líkamsrækt	804	893	13.460.711	632	719	10.170.987
Aðrir styrkir	461	565	14.502.257	508	1.035	13.583.233
<i>Styrkir til sjóðsfélaga samtals</i>	<i>1.899</i>	<i>2.373</i>	<i>41.363.734</i>	<i>1.842</i>	<i>6.189</i>	<i>38.086.075</i>
Bætur og styrkir til félagsmanna úr sjúkrasjóði	2.128	2.943	221.502.795	2.084	6.796	210.373.980
<i>*Breyting, færslur í kerfi taldar en ekki fjöldi styrkja</i>						

Verkefni sjóðsins er að veita fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum. Einnig að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar. Þegar **fimm** ár eru liðin frá því lífeyrisþegi greiðir félagsgjald til félagsins þá falla niður réttindi til endurgreiðslu úr sjúkrasjóði.

Skil á gögnum - Rafrænar umsóknir á Mínum síðum

Fundur er haldinn í stjórn sjúkrasjóðs einu sinni í mánuði. Umsóknir og gögn sem leggja á fyrir fund þurfa að hafa borist til félagsins í síðasta lagi 24. hvers mánaðar til að viðkomandi félagsmaður fái borgað út um næstu mánaðamót. Sérstakur umsóknarfrestur er í febrúar og desember og er það auglýst sérstaklega.

Einfalt er að sækja um og skila gögnum í gegnum [Mínar síður](#) félagsins. Félagsmenn geta líka séð hve mikinn rétt þeir eiga til helstu styrkja, hversu mikið þeir eru búnir að fá frá félaginu og einnig hve mikinn rétt þeir eiga eftir.

Styrkir sem nú er hægt að sækja um í gegnum Mínan síður eru vegna líkamsræktar, gleraugnaglerja, heyrnartækja, krabbameinsleitar, laser augnaðgerðar, sjúkraþjálfunar og sjúkranudds, frjósemismeðferðar, Dvöl á Heilustofnun í Hveragerði og viðtalsmeðferðar við sálfræðinga og geðlækna.

Ekki er hægt að sækja um sjúkradagpeninga, útfarastyrk eða styrk vegna áfengis og vímuefna meðferðir í gegnum Mínan síður. Á heimasíðu félagsins má finna upplýsingar og umsóknir um [sjúkradagpeninga](#) og [útfararstyrk](#). Varðandi styrk vegna áfengis- og vímuefna meðferðar þarf að hafa samband við skrifstofu félagsins á Akureyri.

Sjúkraíbúðir í Reykjavík

Félagið á þrjár [sjúkraíbúðir í Reykjavík](#) til leigu fyrir félagsmenn sem þurfa að dvelja í höfuðborginni á meðan þeir leita sér lækninga. Íbúðirnar eru leigðar eftir því sem félagsmönnum hentar, það er fólk er ekki bundið við að leigja í eina viku í senn heldur er hægt að leigja í tiltekinn dagafjölda.

Félagsmenn þurfa að hafa samband við skrifstofur félagsins til að bóka íbúð því þær eru ekki á orlofsvefnum. Þegar bókunin hefur farið fram þarf leigutaki að greiða leiguna með því að fara á [orlofsavef félagsins](#) með rafrænum skilríkjum. Þar inni eru allar upplýsingar um pöntunina og fær félagsmaðurinn leigusamninginn í tölvupósti um leið og greiðslan fer í gegn.

Félagið þarf að hafa réttar bankaupplýsingar til að geta borgað út styrki og símanúmer og netfang félagsmanna til að hafa samband ef þörf krefur.

Því er mikilvægt að skoða og laga ef þarf þessar upplýsingar á Mínum síðum félagsins. Smelltu á örúna efst á síðunni, hægra megin við nafnið þitt. Þá birtist flípi og þar smellir þú á UPPLÝSINGAR.

Fræðslumál

Aðalbjörg G. Hauksdóttir veitir allar upplýsingar og er tengiliður við starfsmenntasjóðina þrjá sem félagið er aðili að, Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Hún hefur einnig umsjón með félagslegri fræðslu. Anna Júlíusdóttir sér um starfs- og tómsundanámskeið félagsins. Ef félagsmenn fá hugmynd af einhverskonar námskeiði þá má endilega heyra í henni Önnu.

Skil á gögnum - Rafrænar umsóknir á Mínum síðum

Umsóknir og gögn þurfa að hafa borist til félagsins í síðasta lagi 24. hvers mánaðar til að viðkomandi félagsmaður fái borgað út um næstu mánaðamót. Sérstakur umsóknarfrestur er í febrúar og desember og er það auglýst sérstaklega.

Einfalt er að sækja um og skila gögnum í gegnum [Mínar síður](#) félagsins. Félagsmenn geta líka séð hve mikinn rétt þeir eiga til helstu styrkja, hversu mikið þeir eru búnir að fá frá félaginu og einnig hve mikinn rétt þeir eiga eftir.

Vert er að minna á samstarfssamning sem félagið er með við SÍMEY með það að markmiði að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína. SÍMEY sér einnig um dyravarðanámskeið sem félagið hafði séð um í áratugi. SÍMEY býður upp á fjöldamörg námskeið sem eru bæði starfstengd og tengd áhugamálum hvers og eins. Áhugasamir geta kíkt á www.simey.is til að sjá framboð námskeiða.

80% endurgreiðsluhlutfall fræðslustyrkja

Vegna áhrifa Covid 19 ákváðu stjórnir Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar á árinu 2020 að setja af stað átak í fræðslu. Hluti átaksins fólst í því að endurgreiðsluhlutfall styrkja hækkaði tímabundið úr 75% í 90% hjá bæði fyrirtækjum og til einstaklinga. Nú er átakinu lokið og stjórnir sjóðanna hafa ákveðið að endurgreiðsluhlutfallið verði 80%.

Að hámarki geta félagsmenn fengið styrk að upphæð kr. 130.000 á ári, en félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár, eiga rétt á styrk allt að kr. 390.000 fyrir eitt samfellt nám/námskeið skv. reglum sjóðanna.

1.031 félagsmenn, 607 konur og 424 karlar, fengu einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er aukning um 55 félagsmenn frá árinu áður. Upphæðin sem greidd var hækkaði um tæpar 6 milljónir og var kr. 66.354.429.

Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?

Íslenska fyrir útlendinga.....	129
Tungumálanám.....	19
Framhaldsskóli.....	168
Háskólanám.....	298
Tómsundanám.....	53
Starfstengt nám/námskeið.....	214
Almenn ökuréttindi.....	79
Sjálfstyrkingarnámskeið.....	33
Náms- og kynnisferðir.....	4
Annað.....	35

Hverjir sóttu námskeiðin?

Almenni markaðurinn.....	684
Sveitarfélög.....	323
Ríkið.....	24

Aldursdreifing styrkþega


17-20 ára	134
21-30 ára	468
31-40 ára	241
41-50 ára	108
51-60 ára	58
61-70 ára	22

Á starfsárinu er búið að halda nokkur trúnaðarmanna-námskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög í Alþýðuhúsinu. Góð þátttaka hefur verið á þessum námskeiðum og eins og alltaf er gott að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á námskeiðin því þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum.

Félagið þarf að hafa réttar bankaupplýsingar til að geta borgað út styrki og símanúmer og netfang félagsmanna til að hafa samband ef þörf krefur.

Því er mikilvægt að skoða og laga ef þarf þessar upplýsingar á Mínum síðum félagsins. Smelltu á örina efst á síðunni, hægra megin við nafnið þitt. Þá birtist flípi og þar smellir þú á UPPLÝSINGAR.

Útgáfa og kynningarmál



Undanfarin ár hefur félagið gefið út þrjú blöð ár hvert, orlofsblað, sumarblað og jólablað. Þessi blöð lifa áfram á heimasíðunni, en [Félagsblöðin](#) voru borin út á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu, í um 12.000 eintökum.

[Heimasíða félagsins](#) var eins og áður vel virk og mjög vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Ef einhverjar ábendingar eru um hana, eða annað sem viðkomur útgáfu félagsins, væri gott að fá slíkt á asgrimur@ein.is.

Á heimasíðunni má finna Google þýðingarhapp, efst til hægri á síðunni. Með því að nota hann er möguleiki á að lesa allt á síðunni á 12 tungumálum. Hnappurinn var settur upp til hægðarauka fyrir félagsmenn. Auðvitað er hægt að þýða allar síður á mjög mörg tungumál með google transla en ekki kunna allir að gera slíkt. Hægt er núna að velja eftirfarandi tungumál: arabíska, danska, enska, norska, litháíska, pólska, rúmenska, spænska, taílenska, víetnamíska og þýska.



Eining-Ídja er á [Facebook](#) og [Instagram](#). Allar fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins birtast jafnframt á Facebook ásamt öðru sem tilheyrir starfinu. Þeir sem vilja fylgjast með er bent á að „líka“ Facebook síðuna. Ýmsar tilkynningar detta inn á Instagram síðu félagsins þannig að það er um að gera að fylgjast líka vel með henni.

Veistu hvað...? á ellefu tungumálum

Fyrir nokkrum árum gaf félagið út bæklinginn „Veistu hvað við getum gert fyrir þig?“ á nokkrum tungumálum og hefur bæst í fjöldann annað slagið. Nú er bæklingurinn á ellefu tungumálum Bæklingana má fá á skrifstofum félagsins en einnig má finna þá [hér á heimasíðu félagsins](#). Í þessum bækling er m.a. fjallað á stuttan hátt um sjúkrasjóðinn, orlofssjóðinn og fræðslusjóðinn. Svarað er spurningunni „Af hverju stéttarfélag“ Fjallað er um trúnaðarmenn og til hvers þeir eru. Útskýrt hvað kjarasamningur er og sagt frá hverjir helstu kjarasamningar félagsins eru. Þá er sagt frá hvað félagsgjaldið færir viðkomandi og útskýrt er félagafrelsi, en launamönnum er frjálst að standa utan stéttarféлага, þ.e. að gerast ekki fullgildir félagsmenn. Þá eru þeir aukafélagar þar sem vinnu-veitendum ber að greiða af öllum starfsmönnum sem vinna eftir kjarasamningum félagsins. Auka-félagar borga en hafa engin réttindi! Borgar það sig?

Skólaheimsóknir

Frá árinu 1998 hefur félagið verið með fræðslu í öllum tíundabekkjum á félagssvæðinu. Einnig hefur félagið verið með fræðslu í MA og VMA og fleiri skólum á norðurlandi.

Í nokkur ár hefur félagið líka verið fengið til að vera með fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði í nokkrum Vinnuskólum á svæðinu.

Viðhorfskönnun

Á heimasíðu félagsins [má finna niðurstöður](#) í umfangsmikilli viðhorfskönnun sem gerð var á meðal félagsmanna sl. haust. Eins og undanfarin ár sá Gallup um framkvæmd könnunarinnar sem gerð var í samstarfi við AFL starfsgreinafélag á austurlandi og voru notaðar eins spurningar í könnunum beggja félaganna.

Þetta var í tólfta sinn sem félagið lætur gera könnun sem þessa og nú þegar er búið að ákveða að slík könnun verði framkvæmd í samstarfi við AFL næsta haust.

Fundir hjá félaginu

Alltaf er mikið um fundi hjá félaginu, m.a. í aðalstjórn og deildarstjórnnum, í svæðisráðum, trúnaðarráði og samninganefnd, vinnustaðafundir, fundir með einstökum hópum um tilfallandi mál og síðan eru starfsmenn oft kallaðir til aðstoðar við lausn ýmissa mála á vinnustöðum. Fjölmargir aðrir fundir hafa verið haldnir, t.d. með trúnaðarmönnum um ýmis mál. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess.

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð hélt tvo fundi. Á fyrri fundinum sem fram fór í september var m.a. farið yfir hlutverk trúnaðarráðs og hvernig kosið er í það. Kjörnir voru 10 fulltrúar félagsins á 45. þing ASÍ og 47 fulltrúar á 37. þing Alþýðusambands Norðurlands. Þá var kosið í samninganefnd félagsins í stað þeirra sem voru hættir að vinna, farni í önnur félög eða gátu ekki sinnt starfinu af einhverjum sökum. Farið var yfir stöðuna í kjarasamningamálum félagsins og þá mætti Róbert Farestveit, hagfræðingur hjá ASÍ, á fundinn í gegnum Teams og fór yfir stöðuna í aðdraganda kjarasamninga og horfur í efnahagsmálum.

Á seinni fundinum sem fram fór í febrúar var gengið frá lista stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2023-2024 og skilafrest lista. Á fundinn mættu tveir fulltrúar frá Stapa lífeyrissjóð; Jóhann Steinar Jóhannsson framkvæmdastjóri og Jóna Finndís Jónsdóttir forstöðumaður réttindasviðs og kynntu hugmyndir að breytingum á samþykktum Stapa og uppfærðar lífslíkur sem verða lagðar fyrir næsta ársfund sjóðsins.

Samninganefnd

Þrjú fundir voru haldnir í samninganefnd félagsins á starfsárinu. Umboð samninganefndar fellur niður þegar aðalkjarasamningar og tengdir sérkjarasamningar hafa verið samþykktir. Stjórn félagsins eða formaður í umboði hennar sjá um gerð kjarasamninga á milli starfstíma samninganefnda.

Uppstillinganefnd

Uppstillinganefnd hélt tvo fundi á starfsárinu og eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Almennir félagsfundir

Á hverju ári eru haldnir nokkrir almennir félagsfundir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar, engin breyting varð á því þetta starfsárið.

Undanfarin ár, fyrir utan Covid árin, er búið er að halda fjölmarga vinnustaðafundi, þar sem átt hafa sér stað góðar umræður. Á slíkum fundum er líka gott að miðla upplýsingum til félagsmanna. Trúnaðarmenn eru hvattir

til að vera duglegir að halda slíka fundi og fá starfsmenn félagsins á þá.

Þing og ársfundir á starfsárinu

Í júní 2022 var haldinn ársfundur Stapa, í september fór fram 8. þing ASÍ-UNG og 37. þing Alþýðusambands Norðurlands og í október fór fram 45. þing ASÍ. Þá fóru fram rafrænir fulltrúaráðsfundir Stapa í maí og desember 2022 og í apríl 2023. Eining-löjla átti þarna fulltrúa og verður hér á eftir farið í örstuttu máli yfir það helsta sem gerðist á þessum samkomum.

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs

Var haldinn í Hofi á Akureyri 1. júní 2022. Mæting á fundinn var góð en sjóðfélögum var einnig gefinn kostur á að fylgjast með fundinum í vefútsendingu. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin ársfundarstörf. 40 fulltrúar frá Einingu-löjlu áttu rétt á setu á fundinum þar sem stjórnarformaður Stapa, Tryggvi Jóhannsson, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemina á árinu 2021. Þá fór Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, yfir ársreikning og tryggingafræðilega stöðu Stapa sem tryggingastærðfræðingurinn Bjarni Guðmundsson vann. Hann fór einnig yfir fjárfestingarstefnu og hluthafastefnu sjóðsins í fjarveru fjárfestingastjóra.

Á fundinum voru lagðar fram fjórar tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins. Einar Ingimundarson lögmaður og Jóna Finndís Jónsdóttir forstöðumaður réttindasviðs, gerðu grein fyrir þeim breytingum og voru þær allar samþykktar.

Farið var yfir starfskjarastefnu sjóðsins sem er óbreytt frá fyrra ári og var hún samþykkt samhljóða. Þá var einnig samþykkt tillaga að KPMG sem löggiltum endurskoðanda sjóðsins og tillaga að breytingu stjórnarlauna frá fyrra ári, í samræmi við hækkun á launavísitölu. Þá var stjórnarkjóri lýst, en það hafði farið fram á fulltrúaráðsfundi sjóðsins fyrr á árinu.

Fulltrúaráðsfundir Stapa

Fulltrúaráð Stapa er skv. samþykktum sjóðsins skipað aðilum sem voru fulltrúar launamanna og atvinnurekenda á ársfundi sjóðsins. Ráðið skal kalla saman tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem m.a. eru rædd málefni sjóðsins, breytingar á samþykktum undirbúnar og lykiltölur úr afkomu og framvindu fjárfestingarstefnu kynntar. Um hlutverk og starfsemi fulltrúaráðs að öðru leyti vísast til viðkomandi kjarasamninga hverju sinni.

Fyrri fundur ráðsins fyrir árið 2022 fór fram á rafrænan hátt 4. maí 2022. Þar var farið yfir lykiltölur úr afkomu,

starfskjarastefnu sjóðsins, tillögur að samþykktar-breytingum og staðfesting tilnefninga í stjórn.

Seinni fundur ráðsins fyrir árið 2022 fór fram á rafrænan hátt 8. desember sl. Þar sem Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Stapa, fór yfir lykilatíði úr rekstri sjóðsins á árinu 2022. Því næst kynnti Brynjar Þór Hreinsson, forstöðumaður eignastýringar Stapa, fjárfestingarstefnu fyrir árið 2023. Þá fór Jóhann Steinar og Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs Stapa, yfir aldurstengdar lífslíkur og samþykktir Stapa.

Fyrri fundur ráðsins fyrir árið 2023 fór fram á rafrænan hátt 12. apríl sl. Þar var farið yfir lykiltölur úr afkomu, starfskjarastefnu sjóðsins, tillögur að samþykktar-breytingum og staðfesting tilnefninga í stjórn.

Næsti ársfundur Stapa fer fram 3. maí nk. í Hofi á Akureyri.

8. þing ASÍ-UNG fór fram 16. september sl. Yfirskrift þingsins að þessu sinni var „Fyrirmyndir komandi kynslóða – Er verkalýðshreyfingin aðlaðandi starfsvettvangur?“ Sérstök áhersla var á heilbrigð og uppbyggileg samskipti auk þess sem sérstaklega var fjallað um nýliðun innan hreyfingarinnar. Tveir fulltrúar frá félaginu sátu þingið.

45. þing ASÍ átti að standa yfir dagana 10. til 12. október 2022 í Reykjavík. Eining-löja átti rétt á að senda 10 fulltrúa á þingið, en á það áttu rétt á að mæta þrjú hundruð fulltrúar launafólks frá tæplega 50 stéttarfélagum af öllu landinu. Þingið var sett þann 10. október og fór fram skv. dagskrá en daginn eftir hættu formaður VR, formaður Eflingar og formaður VLFA og SGS við framboð til miðstjórnar ASÍ og gengu út ásamt flestum þingfulltrúum félaganna. Daginn eftir var samþykkt

tillaga um að fresta þinginu fram á næsta vor. Því verður framhaldið dagana 27. og 28. apríl nk.

37. þing Alþýðusambands Norðurlands fór fram á Illugastöðum 29. og 30. september sl. 77 fulltrúar, frá öllum stéttarfélagum á Norðurlandi sátu þingið, þar af voru 40 frá Einingu-löju. Þingið var í fyrsta sinn pappírslaust og tókst það í alla staði mjög vel.

Fjölmarginir gestir mættu á þingið og voru með erindi. Helga Þyri Bragadóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá VIRK í Eyjafirði, fjallaði um VIRK starfsendurhæfingarsjóð og starfsemi hans. Ellen Jónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Norðurlandi eystra og Austurlandi, fjallaði um Vinnumálastofnun – stöðu og framtíðarsýn. Ágúst Torfi Hauksson, forstjóri Kjarnafæðis Norðlenska ehf., fjallaði um stöðu og framtíð í kjötvinnslu á Íslandi. Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs íbúðafélags, sagði frá félaginu og hvað væri á döfinni hjá þeim. Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs Stapa, fjallaði um lífeyrismál. Þá sögðu fjórir trúnaðarmenn frá starfi trúnaðarmannsins og viðhorfinu til þess. Þetta voru þær Elsa Hrönn Gray Auðunsdóttir og Sigríður Þórunn Jósepsdóttir, sem eru í Einingu-löju, Sirrý Laxdal, sem er í FVSA og Guðmunda Steina Jósefsdóttir, sem er í Framsýn.

Í lok fyrri dags var unnið í hópum þar sem fjallað var um samvinnu og samstarf Alþýðusambands Norðurlands við Orlofsbyggðina á Illugastöðum. Í upphafi vinnunnar fjallaði Trausti Jörundarson, formaður Sjómannafélags Eyjafjarðar, aðeins um samvinnuna og samskiptin. Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir og Guðrún Edda Baldursdóttir, frá ASÍ, stjórnðu vinnunni sem var með þjóðfundarfyrirkomulagi.

Ýmsar tölulegar upplýsingar!

Félagsgjald

Tekið er 1% félagsgjald af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

Helstu styrkir úr félagssjóði

Velferðarsjóðurinn í Eyjafirði	1.100.000
Hollvinir SAK	250.000
Göngudeild Lyflækninga SAK - stólar	100.000
Iðnaðarsafnið á Akureyri v/Húni II	100.000

Almenn starfssemi og þjónusta

Starfsmenntastyrkir	1.031
Styrkir úr sjúkrasjóði	2.128
Orlofshús og styrkir	1.642
Orlofsferðir og leiksýningar	218
Samtals	5.019
Árið 2021 voru sambærilegar tölur	4.730


Lykiltölur

Tekjur	2022	2021
Félagsgjöld / iðgjöld	264.680.452	238.208.714
Sjúkrasjóðsgjöld	270.427.847	234.948.733
Orlofssjóðsgjöld	108.928.060	97.082.412
Húsaleiga	56.174.881	53.198.892
Aðrar tekjur	67.436.559	64.759.158
Samtals tekjur	767.647.799	688.197.909
<i>Gjöld</i>		
Greiðslur til félagsmanna	230.085.997	218.752.640
Rekstur og viðhald fasteigna	91.857.884	92.017.436
Laun, rek.kostn. og afskriftir	346.886.317	330.158.112
Samtals gjöld	668.830.198	640.928.188
<i>Fjármagnsliðir</i>	1.462.592	(732.308)
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	100.280.193	46.537.413

Félagatal

	Aðalfélagar	Svæðisráð	Starfsgreinadeildir (*Heildarfjöldi þeirra sem greiða)					
			2022	2021*	2020*	2019*	2018	
2022	8.226	1.604						
2021	7.901	1.567						
